

Númi og konurnar þrjár





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Númi og konurnar þrjár

ISBN 978-9979-0-2569-6

2010 © Jón Guðmundsson

2010 © myndir: Halldór Baldursson



Bókin er gefin út í samstarfi við Slysavarnafélagið
Landsbjörg sem kostaði gerð texta og mynda.

Nemendur fjórða bekkjar í Lágafellsskóla og þverflautu-
nemendur í Tónlistarskóla Seltjarnarness fá bestu þakkir
fyrir góð ráð og ábendingar.

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

1. útgáfa 2010

2. útgáfa 2010

önnur prentun 2017

þriðja prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi


Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja




Þetta var gott sumar.
Númi var alla daga á hjólinu sínu,
eða brunandi á brettinu.
Auðvitað alltaf með hjálminn
og hlífarnar.
Hann vildi alls ekki meiða sig því hann
átti bara
eitt höfuð,
tvær hendur
og tvo fætur.





Núma fannst gaman að hjóla hratt.
Upp brekkur,
niður brekkur.
Stundum var hann glanni.
Skemmtilegast þótti honum
að hjóla í drullupolla
og gusa vatni á
fólk í fínum fötum.
Númi var svolítill grallari.





Svo var það einn daginn
að Númi var í miklu stuði.
Hann sá stóran drullupoll
og þrjár alveg ógurlega fínar konur
sem áttu heima í götunni.
Núma fannst þær skrýtnar.
Ein þeirra var mjó, hún hét Ása.
Önnur feit, hún hét Signý.
Sú þriðja hét Helga,
hún var mjög stór.
Þær eru allt of fínar og hreinar,
hugsaði Númi.
Svo hjólaði hann í pollinn
og skvetti á fínu konurnar.





Númi stöðvaði hjólið, leit við og glotti.
Konurnar voru rennblautar
og bálreiðar.
Hann hafði aldrei séð
svona reiðar konur.
Númi varð hræddur.
Fínu konurnar gengu hægt
og rólega að Núma.
Hann ætlaði að hjóla í burtu.
En hann gat hvorki hreyft legg né lið.
Voru þær göldróttar eða hvað?

Ha, ha, sögðu konurnar.
Þær hlógu rosalega hátt.
Skrýtið hvað svona fínar konur
geta hlegið asnalega,
hugsaði Númi.
Reiðu konurnar slógu hring um Núma.
Þær horfðu á hann illum augum.
Ó, ó, hugsaði Númi.
Ég hefði ekki átt að skvetta á þær.

– Þú skalt ekki voga þér að skvetta á okkur,
sögðu konurnar í kór.

Þær gengu í kringum Núma
eins og þær væru á jólaballi
og Númi væri jólatréð.

Hvað voru þær að hugsa?



Svo sagði Ása og stoppaði:

– Ég veit hvað við gerum!

– Aha, sögðu hinar.

Við skulum taka hjólið hans.

Hinar kinkuðu kolli og hlógu rosalega.

Svo hrifsuðu þær af honum hjólið.

Númi var alveg stjarfur.

Hann kom ekki upp orði.

– Mig hefur alltaf langað til að hjóla,
sagði Signý og
settist á hjólið.

Hinar ýttu henni af stað ...

niður bratta brekku.

Sjálfá Brekkugötu.

Þá fékk Númi málið aftur.

– Nei, nei! Stopp, stopp,

þú kannt ekki að hjóla!

Stoppaðu! STOPPAÐU!

Þú ert ekki með hjálm!

Þetta er hættulegt!






Númi hrópaði:


– Allir hjólreiðamenn verða
að vera með hjálm á höfðinu.

– Uss, uss, uss, sagði Helga.
Hún er með svo harðan haus,
hún er svo gömul.

– Þú þarft hjálm því þú ert
með svo mjúkan haus,
sagði Signý og það tísti í henni.

– Nei, nei, sagði Númi,
það verða allir að vera með hjálm,
meira að segja Guð er með hjálm
þegar hann hjólar.





Signý þaut á hjólinu niður Brekkugötuna
og fór hraðar og hraðar.

Neðst í götunni var verslunin
Kristall og postulín.

Signý stefndi einmitt þangað
á fullri ferð og kunni ekki að bremsa.

Ó, ó, ó, hugsaði Númi
þegar hann sá Signýju fljúga
inn um gluggann á versluninni.

Það glumdi í öllu hverfinu.
Hvílíkur hávaði.

Það var ekki sjón að sjá.


Rassinn á Signýju stóð út um gluggann
en höfuðið var blóðugt innan um glerbrotin.


– Hún hefði átt að vera með hjálm, tautaði Númi.

Ása og Helga
voru skömmustulegar.

Þær voru líka áhyggjufullar
því Signý virtist mikið slösuð.

- Okkur langaði svo að fá að prófa hjólið,
sagði Ása.
- Við höfum aldrei á ævinni hjólað,
sagði Helga.
- Er hún dáin?
spurði Ása.





Sjúkrabíllinn kom.
Löggan kom.
Einhver hafði hringt í 112.
Signý var ekki dáin.
– Hvað er þetta?
spurði löggan.
Af hverju var konan ekki með hjálm?

Sem betur fer var Signý á lífi
en hjólið hans Núma var ónýtt.
Númi var fúll.
Hann náði í brettið sitt
og allar hlífarnar auðvitað.
Núma fannst gaman á brettinu.
Hann renndi sér rosalega hratt,
en gætti sín á pollunum.
Því hann ætlaði aldrei aftur að skvetta
úr drullupollum á fólk í fínum fötum.

Nokkru síðar þegar Númi var að renna sér á brettinu
var hjólastól allt í einu
ekið í veg fyrir hann.
Númi flaug á hausinn.
Hann meiddi sig ekki neitt.
Hlífarnar björguðu honum.
Þetta voru fínu konurnar þrjár.

Signý var í hjólastólnum.
Hún var eins og múmía.
Læknarnir höfðu pakkað
henni inn í sárabindi og plástra.
– Ó, ó, ert þetta þú?
sögðu Ása og Helga við Núma.
Ef þú hefur meitt þig
getum við bara
kysst á meiddið.
Þetta fannst Núma ekki fyndið.
– Nei takk, sagði hann ákveðinn.





– Þetta er flott bretti, sögðu þær.

Megum við fá það lánað?

– Nei, nei, hrópaði Númi.

Þið kunnið ekkert á bretti.

Svo eigið þið ekki hlífar.

Viljið þið líka lenda í hjólastól?

– Hvernig hlífar þurfum við á hjólabretti?
spurði Helga.

Númi útskýrði það.

– Aha, sagði Ása.

Svo flýttu þær sér í burtu
leyndardómsfullar á svip.

Hvað eru þær nú að bralla? hugsaði Númi.

Næsta dag

óku konurnar aftur hjólastólnum
í veg fyrir Núma.

Númi flaug á hausinn.

Hann skall í götuna.

Hvað var eiginlega að þeim, hugsaði Númi.

Hlífarnar björguðu honum aftur.

Hann var búinn að fá nóg af þessum konum.

– Heyrðu litli minn, sagði Ása.

Lánaðu okkur nú brettið.





– Sjáðu hvað við hekludum í nótt.
Þessa flottu hjálma og hlífar,
tísti í Helgu.
Fínu konurnar drógu upp
ullarhúfur sem þær settu á höfuðið.
Þær drógu líka upp ullarhlífar
sem þær settu á hnén og úlnliðina og
olnbogana.
Mikið voru þær ánægðar.

Nú var Númi alveg hissa.
– Þetta eru ekki pottþéttar hlífar.
– Jú víst, þær eru svo mjúkar, sagði Helga.
– Þær eru mjög hlýjar, sagði Ása.
Megum við núna fá brettið þitt lánað?
– Já, já, ekkert mál.
Eruð þið ekki með svo góðar hlífar,
mjúkar og hlýjar?
Númi glotti.
Fínu konurnar hoppuðu af kæti.



Þær föðmuðu Núma.

Kysstu hann báðar í einu á kinnina

og ennið og nefið ...

– Hættið þessu, hrópaði Númi.

Látið mig í friði.

Ég ætla bara að lána ykkur brettið mitt.

– Ó, já, sögðu Ása og Helga og hættu að kyssa Núma.

Þær voru bara svo glaðar.



Helga steig á brettið.
Það rúllaði af stað.
Núma leist ekkert á þetta.
Hann hefði ekki átt að lána þeim brettið.
Helga rann ótrúlega lengi
áður en hún skall á tré
sem óx upp úr gangstéttinni.
Brettið rúllaði áfram og lenti undir bíl
... og brotnaði.

Stór, fín kona lá á stéttinni.
Hún hafði fengið högg á höfuðið.
Einhver hringdi í neyðarlínuna 112.
Löggan kom.
Sjúkrabíllinn kom.
Ása grét.
Signý í hjólastólnum grét.
Allir sem sáu konuna á gangstéttinni grétu.
Skyldi hún vera dáið?
Númi grét ekki ... hann var reiður.
Brettið var ónýtt
og hjólið líka.



Sumarið leið. Það voru að koma jól.
Dyrabjöllunni var hringt heima hjá Núma.
Úti stóðu þrír kátir og skrýtnir jólasveinar
með hjálma á höfðinu.
Jólasveinarnir kipptu í skeggin, þau sviptust af.
Þetta voru þá fínu konurnar þrjár.

– Kæri strákur! Við eyðilögðum bæði hjólið þitt og brettið.
Nú færðu nýtt hjól og nýtt bretti í jólagjöf, tístu þær.
Gleðileg jól strákur.

Og veistu hvað?

Núna kunnum við að hjóla.

Kerlingarnar hjóluðu inn í myrkrið
með hjálmana á höfðinu.

Það stirndi á endurskinsmerkin þeirra.



Til kennara og foreldra

Bókin *Númi og konurnar þrjár* er í senn bók til lestrarþjálfunar og til að minna á mikilvæg atriði í tengslum við slysavarnir, s.s. notkun á öryggisbúnaði við hjólreiðar og á hjólabretti sem og að minna á neyðarnúmerið 112. Orðaval í bókinni tekur ekki alfarið mið af því að hún er ætluð byrjendum í lestri. Því er mikilvægt að foreldrar og kennarar styðji vel við lesandann eða lesi jafnvel fyrir hann á köflum. Bókin er skreytt litríkum og fjörlegum myndum sem styðja vel við glettinn texta.

Umræður heima og í skólanum

Ása, Signý og Helga: Minna þessar persónur á einhverja aðra sögu sem barnið þekkir eða hefur heyrt? Hvað gera Ása, Signý og Helga rangt?

Hjálmur: Hvers vegna er mikilvægt að nota hjálm þegar hjólað er eða þegar verið er að renna sér á hjólabretti eða hlaupahjóli?

Annar öryggisbúnaður: Til hvers notar Númi sérstakar hlífar fyrir hné, olnboga og úlnliði?

Neyðarlínan 112: Hvenær er rétt að hringja í Neyðarlínuna?

Endurskinsmerki: Hvaða gagn er að þeim?

SMÁBÓK

Númi og konurnar þrjár

Númi er grillari.
Honum finnst gaman að hjóla
og renna sér á bretti. Auðvitað alltaf
með hjálm og hlífur.
Lestu um *Núma og konurnar þrjár*.



m
MENNTAMÁLASTOFNUN
4310